



Fundur stjórnar Almannaheilla

haldinn í Sigtúni 42, fimmtudaginn 1. júní 2017 kl. 09:00

Mætt: Árni Einarsson, Ásdís Eva Hannesdóttir, Guðrún Helga Bjarnadóttir, Hildur Helga Gísladóttir, Ketill Berg Magnússon, Steinunn Hrafnadóttir, Þórar Þórarinsdóttir og Þróstur Emilsson.

Dagskrá:

1. Stjórn skiptir með sér verkum
2. Fundaáætlun næsta starfsárs
3. Stefnumótun stjórnar
4. Erindi frá Bandalagi íslenskra skáta
5. Önnur mál

Formaður, Ketill Berg Magnússon, bauð nýja stjórnarmenn, sem hlutu kosningu á aðalfundi Almannaheilla 24. maí sl., velkomna til starfa. Fulltrúar kynntu sig stuttlega en að því loknu var gengið til dagskrár.

1. Stjórn Skiptir með sér verkum

Formaður lagði fram eftirfarandi tillögu:

- Varaformaður: Þóra Þórarinsdóttir
- Gjaldkeri: Jónas Guðmundsson
- Ritari: Þróstur Emilsson

AFGREIÐSLA: Samþykkt samhljóða

- Inntökunefnd: Þróstur Emilsson, Steinunn Hrafnadóttir, Erna Reynisdóttir

AFGREIÐSLA: Samþykkt samhljóða

- Vefstjóri: frestað til 5.liðar [önnur mál]
- Málefnaþópar:
 - a) Hópur um lagafrumvarp
 - b) Hópur um fjölgun félaga, innra starf og fræðslu geiranum
 - c) Hópur um aukinn sýnileika

AFGREIÐSLA: Samþykkt að biðja með skipun í hópana þar til á stefnumótunarfundi í haust

2. Fundaáætlun næsta starfsárs

Formaður kom með tillögu að fundadögum fram að aðalfundi 2018.

Nokkrar umræður urðu um fundardag og meirihluti fyrir því að flytja fundi stjórnar af fimmtudegi fram á miðvikudag.

AFGREIÐSLA: Samþykkt var að formaður sendi út fundadagskrá fyrir starfsárið 2017-2018 og er við það miðað að stjórnarfundir séu alla jafna síðasta miðvikudag í mánuði frá kl. 09:00 til 11:00



3. Stefnumótun stjórnar

Formaður sagði frá hugmyndum að stefnumótunarfundi sem, líkt og fyrri ár, verður haldinn með haustinu.

Hann sagði brýnt að svara þar nokkrum lykilspurningum, s.s.:

- Fyrir hvað eiga Almannaheill að standa í framtíðinni?
- Hvaða virði veita Almannaheill aðildarfélögum sínum og öðrum hagsmunaaðilum?
- Hvaða verkefni eiga Almannaheill að setja í forgang?

Þá kynnti formaður hugmynd að fyrirkomulagi stefnumótunarfundar í haust og lagði til að notast yrði við nýtt módel við mótun stefnu Almannaheilla, **Canvas Non Profit Business Model**.

Formaður sagði að ný nálgun væri líklegri til að draga fram svör við þeim lykilspurningum sem nauðsynlegt væri að svara á stefnumótunarfundinum, m.a. spurningunni um væntingar aðildarfélaga til Almannaheilla og virði aðildarinnar fyrir þau.

AFGREIÐSLA: Formanni, varaformanni, ritara og gjaldkera var falið að útfæra aðferðafræðina nánar og undirbúa stefnumótunarfundinn.

4. Erindi frá Bandalagi íslenskra skáta - BÍS

Ketill Berg Magnússon, formaður greindi frá erindi sem barst frá BÍS varðandi áframhald aðildar að Almannaheillum.

AFGREIÐSLA: Vegna mjög sérstakra aðstæðna sem uppi eru hjá BÍS, sem eru fordæmalausar, samþykkir stjórn Almannaheilla að fela formanni að ganga frá samkomulagi við Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóra BÍS um áframhald aðildar Bandalags íslenskra skáta að Almannaheillum.

5. Önnur mál

Vefmál:

Þröstur taldi rétt að endurskoða vefmál, vefumsjónarkerfi, hýsingu og utanumhald.

AFGREIÐSLA: Samþykkt að fela Katli Berg Magnússyni, Ernu Reynisdóttur og Þresti Emilssyni að fara í þarfagreiningu og leggja fram tillögur fyrir stjórn Almannaheilla.

Fundur fólksins:

Formaður kynnti stöðu undirbúnings Fundar fólksins sem haldinn verður í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri dagana 8. og 9. september 2017. Bókanir á viðburðum / þátttaendum eru hafnar og ganga ágætlega. Formaður sagðist hafa bókað aðstöðu fyrir Almannaheill og lagði til að Almannaheill efndu til hringborðsumræðna á Fundi fólksins.

AFGREIÐSLA: Samþykkt.

Ásdís Eva Hannesdóttir spurði hvort formaður yrði ekki með ávarp við setningu Fundar fólksins. Þá benti hún á að huga þyrfti vel að aðkomu Almannaheilla að Fundi fólksins, eignarhaldi þessarar lýðræðishátíðar og ekki síður hvernig hátíðin væri kynnt og einnig fjárhagslegir bakhjarlar og aðrir styrktaraðilar. Almannaheill hefur yfirumsjón með verkefninu og tekur ábyrgð á fjármálum Fundar fólksins.

AFGREIÐSLA: Samþykkt að fela formanni að skerpa á kynningu og sýnileika Almannaheilla

Nám fyrir stjórnendur í þriðja geiranum:

Formaður kynnti námið sem hefst hjá Opna Háskólanum 17. október nk. Skráning er hafin en aðeins eru 24 sæti í boði.

AFGREIÐSLA: Formaður sendir kynningu á náminu með næsta fréttabréfi til aðildarfélaga.

Fundi slitið kl. 10:57

Næsti fundur boðaður fimmtudag 24. ágúst 2017 kl. 13:00 sem jafnframt verður stefnumótunarfundur.

/ÞE